

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar

2014/EES/4/50

frá 27. júlí 2011

um öryggiskröfur sem uppfylla þarf með Evrópustöðlum til að bregðast við tilteknum hættum sem stöðja að börnum vegna rúllugardína til nota innanhúss, gluggatjalda með snúrum og öryggisbúnaðar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB

(2011/477/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru ⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt annarri undirgrein 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2001/95/EB telst vara örugg ef hún er í samræmi við valfrjálsa landsstaðla, sem settir hafa verið til að framfylgja Evrópustöðlum og þar sem tilvísun í þá hefur verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
- 2) Evrópskar staðlastofnanir skulu fastsetja þessa Evrópustaðla á grundvelli sértækra öryggiskrafna sem framkvæmdastjórnin ákveður.
- 3) Á mörgum heimilum er að finna rúllugardínur og annars konar gluggatjöld með snúrum sem eru notuð til að draga gluggatjöld upp eða niður (dragsnúra) eða til að sameina mismunandi hluta þeirra (innri snúra). Þessar snúrir skapa kyrkingarhættu hjá börnum þar eð lykkjur geta myndast og börn geta flækst í þeim ef þau leika sér nálægt glugga. Börn geta einnig klifrað upp á gluggakistur eða húsgögn og þannig náð í snúrurnar. Slys geta einnig orðið þegar rúm eða rimlarúm eru staðsett nálægt gluggum þar sem börn geta náð í snúrurnar.
- 4) Samkvæmt rannsókn, sem fór fram 1998, þar sem valin voru af handahófi sjúkrahús í fimmtán aðildarríkjum Evrópusambandsins, voru 129 börn lögð inn á sjúkrahús vegna áverka af völdum lykkju á snúru á rúllugardínu eða veggjalda ⁽²⁾. Í Bretlandi er áætlað að árlega deyi eitt eða tvö börn eftir að hafa flækst í snúru á rúllugardínu. Nýverið hefur framkvæmdastjórnin fengið vitneskju um tíu banaslys á börnum á aldrinum 15–36 mánaða á Írlandi, í Finnlandi, Hollandi, Bretlandi og Tyrklandi á árunum 2008–2010. Frá 1999 hefur verið tilkynnt um

119 banaslys í Bandaríkjunum og 111 tilvik þar sem nærri því hafa orðið banaslys í tengslum við gluggatjöld með snúru. Frá 1986 hafa 28 banaslys og 23 tilvik, þar sem nærri því hafa orðið banaslys, verið tengd við sömu vöruna. Frá 2000 hafa a.m.k. tíu börn í Ástralíu kyrkst vegna slysa af völdum snúra á rúllugardinum ⁽³⁾. Þessar tölur endurspeglar þó aðeins hluta af vandamálinu þar sem mörg slík slys eru ekki tilkynnt ⁽⁴⁾.

- 5) Rannsóknir sýna að flest banaslys, sem tengjast snúrum á rúllugardinum, eiga sér stað í svefnherbergjum og að börnin, sem hlut eiga að máli, eru á aldrinum 16–36 mánaða. Meira en helmingur þessara slysa varða börn sem eru u.þ.b. 23 mánaða. Jafnvel þótt börn séu alveg hreyfanleg á þessum aldri eiga þau erfitt með að losa sig ef þau flækjast í snúrum þar sem höfuð þeirra er hlutfallslega þyngra en líkaminn, samanborið við fullorðna, og þau hafa ekki enn náð fullu valdi á vöðvahreyfingum. Auk þess er barki þeirra ekki fullþroskaður og hann því minni og mýkri en í fullorðnum og eldri börnum þannig að þau kafna hraðar ef þrengir að hálsi þeirra ⁽⁵⁾.
- 6) Í Evrópustaðlinum EN 13120:2009 eru nothæfiskröfur fyrir gluggatjöld til nota innanhúss, þ.m.t. um öryggi. Sumar tegundir gluggatjalda, sem hafa tengst slysum, falla þó ekki undir gildissvið þessa staðals.
- 7) Í Evrópustaðlinum EN 13120:2009 er vísar til gluggatjalda til nota innanhúss, sem eru ýmist handvirk eða rafknúin, en hin síðarnefndu falla undir gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB frá 17. maí 2006 um vélarbúnað ⁽⁶⁾. Þessi tilskipun tekur þó ekki til öryggis barna í tengslum við hina sértæku kyrkingarhættu og gildir ekki um rúllugardínur með snúrum sem stjórnað er handvirk.
- 8) Þegar rúllugardínur eru rafknúnar er unnt að útiloka hættur, sem tengjast dragsnúrum, en ekki hættur sem tengjast innri snúrum.
- 9) Önnur gluggatjöld með hættulegar snúrir skapa svipaða hættu fyrir börn.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 196, 28.7.2011, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2013 frá 14. júní 2013 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 67, 28.11.2013, bls. 16.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 11, 15.1.2002, bls. 4.

⁽²⁾ http://ec.europa.eu/consumers/reports/rights_child_safety_prod.pdf

⁽³⁾ <http://www.ocba.sa.gov.au/productsafety/warning/blindcords.html>

⁽⁴⁾ <http://www.cpsc.gov/CPSC/PUB/PREREL/PRHTML97/97136.html>

⁽⁵⁾ <http://www.rospa.com/about/currentcampaigns/blindcords/>

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 24.

- 10) Í skýrslum um slys, sem tengjast snúrum, er köfnun tilgreind sem dánarorsökin. Í gildandi Evrópustöðlum um gluggatjöld og rúllugardínur er ekki kveðið á um kröfur til að bregðast við þessari hættu.
- 11) Til að koma í veg fyrir hættu, sem tengist rangri uppsetningu eða skorti á uppsetningu, skulu framleiðendur bæta hönnun öryggisbúnaðar eða gluggatjalda til að koma í veg fyrir að varan sé notuð ef öryggisbúnaður er ekki settur upp á réttan hátt.
- 12) Því er nauðsynlegt að mæla fyrir um öryggiskröfur til að tryggja að rúllugardínur til nota innanhúss og önnur gluggatjöld með snúrum séu í eðli sínu örugg fyrir börn og útiloka þannig alla kyrkingar- og köfnunarhættu vegna aðgengilegra snúra og smáhluta.
- 13) Til viðbótar við kröfurnar um örugga notkun gluggatjalda og rúllugardína með snúrum verður einnig að semja kröfur og taka saman upplýsingar um vöruöryggi fyrir öryggisbúnaðinn.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar, sem komið er á fót skv. 15. gr. tilskipunar 2001/95/EB, og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í ákvörðun þessari er merking eftirfarandi hugtaka eins og hér segir:

- a) „*rúllugardínur til nota innanhúss*“: vara, sem er sett upp hvar sem er innan byggingar, til að hylja glugga,
- b) „*gluggatjöld með snúrum*“: vara, sem er notuð til að hylja glugga, þó ekki rúllugardína til nota innanhúss sem hefur

sýnilegar snúror; gluggatjöld geta verið staðsett fyrir utan glugga, milli tveggja glerja, eða fyrir framan glugga,

- c) „*hættuleg lykkja*“: lykkja úr sýnilegri snúru, keðju eða sambærilegu, með eða án efnis, sem gæti farið yfir höfuð eða háls smábarns og þannig skapað kyrkingarhættu,
- d) „*öryggisbúnaður*“: búnaður eða hönnun, sem verndar smábörn gegn kyrkingarhættu, t.d. með því að koma í veg fyrir að lykkja myndist á snúru eða keðju, með því að tryggja að snúran eða keðjan slitni þegar hættuleg lykkja myndast eða þegar mikill þungi leggst á snúruna eða keðjuna, með því að gera snúruna eða keðjuna óaðgengilega börnum eða með því að koma í veg fyrir að snúrurnar geti flækst,
- e) „*ein eða fleiri aðgengilegar snúror, keðjur, perlukeðjur eða sambærilegt*“: ein eða fleiri snúror, keðjur, perlukeðjur eða sambærilegt sem er sýnilegt á framhlið, bakhlið eða hlið rúllugardínu eða gluggatjalds og sem smábarn getur náð til og dregið í sem skapar kyrkingarhættu. Staðsetning hátt uppi telst ekki hindrun að því er varðar aðgengileika.

2. gr.

Í viðaukanum við þessa ákvörðun eru settar fram öryggiskröfur um rúllugardínur til nota innanhúss, gluggatjöld með snúrum og öryggisbúnað, sem uppfylla þarf með Evrópustöðlum, skv. 4. gr. tilskipunar 2001/95/EB.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 27. júlí 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Öryggiskröfur um rúllugardínur til nota innanhúss, gluggatjöld með snúrum og öryggisbúnaði

1. GILDISSVIÐ

Öryggiskröfurnar, sem er lýst nánar í þessu skjali, gilda um allar rúllugardínur til nota innanhúss og gluggatjöld með snúrum, óháð hönnun og eiginleika efnanna, sem eru notuð, t.d.:

- rimlagluggatjöld (e. *venetian blinds*),
- rúllugardínur,
- strimlagluggatjöld,
- pliseruð gluggatjöld (e. *pleated and honeycomb blinds*)
- felligardínur með dragsnúru (e. *Roman Shades*),
- rúffgluggatjöld (e. *Austrian/Festoon blinds*)
- flekagardínur,
- gluggahlera (e. *plantation shutters*),
- felligardínur (e. *roll-up blinds*).

Þessar kröfur gilda einnig um veggtjöld, flugnanet í glugga og rúllugardínur milli glerja, ef þau eru útbúin með snúrum, keðjum og perlukeðjum eða sambærilegu, sem er aðgengilegt og þar sem hættuleg lykkja getur myndast.

Þessar öryggiskröfur skulu, að lágmarki, vísa til barna (smábarna) á aldrinum 0–42 mánaða.

2. KRÖFUR

Við gerð nothæfiskrafna um rúllugardínur til nota innanhúss og gluggatjöld með snúrum er mjög mikilvægt að taka mið af notkunarskilyrðum, sem skynsamlegt er að ætla að sjá megi fyrir, og af mögulegum hættum í tengslum við eina eða fleiri aðgengilegar snúrur, keðjur, perlukeðjur eða sambærilegt sem börnum getur stafað hætta af.

Í því skyni að draga úr kyrkingar- og köfnunarhættu skal öryggi haft að leiðarljósi við hönnun rúllugardína til nota innanhúss (og gluggatjalda með snúrum). Leita skal allra leiða, á grundvelli nýjustu tækniþróunar, til að gera hönnun vöru örugga þegar hún er notuð í umhverfi þar sem skynsamlegt er að ætla að sjá megi fyrir að smábörn hafi aðgang eða þar sem líklegt er að þau gætu komið, t.d. á heimili, hótél, sjúkrahús, í kirkjur, verslanir, skóla, leikskóla og á opinbera staði almennt. Núverandi kröfur gilda einnig um rúllugardínur og gluggatjöld, sem ætluð eru til nota á skrifstofum eða á öðrum stöðum þar sem upprunalegu notagildi viðkomandi rýmis hefur verið breytt, og þar sem líklegt er að smábörn gætu verið.

Rúllugardínur til nota innanhúss og gluggatjöld með snúrum, sem eru með eina eða fleiri aðgengilegar snúrur, keðjur, perlukeðjur eða sambærilegt, skulu uppfylla eftirfarandi lágmarkskröfur:

1. Ekki skal geta myndast hættuleg lykkja á einni eða fleiri snúrum, keðjum, perlukeðjum og sambærilegu.
2. Ef hönnun vörunnar útilokar ekki hættuna á að hættuleg lykkja geti myndast skal varan vera með viðeigandi öryggisbúnað til að lágmarka kyrkingarhættuna.
3. Öryggisbúnaður skal vera óaðskiljanlegur hluti af vörunni.
4. Laus öryggisbúnaður (t.d. krókur), skal settur fyrir fram á eina eða fleiri snúrur, keðjur eða perlukeðjur á rúllugardínu eða gluggatjaldi. Þar að auki skal viðvörðun sett á öryggisbúnaðinn á áberandi stað. Viðvörðunin skal innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar: „Ef þessum búnaði er ekki komið fyrir er hættu á að börn geti kyrkst. Lesið leiðbeiningarnar vandlega og komið búnaðinum fyrir í samræmi við þær. Notið ávallt þennan búnað þannig að börn nái ekki í snúrurnar eða keðjurnar.“
5. Ef öryggisbúnaður er til staðar skal hann hafa vörn gegn því að smábörn geti virkjað hann. Auk þess skal öryggisbúnaðurinn ekki skapa hættu á líkamlegum meiðslum barna, t.d. sökum skarpra búna, staða þar sem fingur geta klemmst eða sökum framstæðra hluta. Öryggisbúnaðurinn skal einnig standast prófun á endingu og þreytu (sliti) og þola öldrun vegna veðurskilyrða. Öryggisbúnaðurinn skal ekki innihalda smáhluti sem gætu losnað og valdið því að barn kafni.

6. Ein eða fleiri snúrur, keðjur, perlukeðjur og sambærilegt skulu ekki innihalda smáhluti sem gætu losnað og valdið því að barn kafni.

3. UPPLÝSINGAR UM ÖRYGGI VÖRU

Skýr og áberandi viðvörðun skal vera á sölustað, á umbúðum, á vörinni sjálfri og í notkunarleiðbeiningum. Viðvörðunin skal innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

- „Smábörn hafa kyrkist í lykkjum sem myndast á dragsnúrum, keðjum og böndum sem eru notuð til að starfrækja vöruna.“
- „Hafið snúrur þannig að smábörn nái ekki í þær til að koma í veg fyrir að þau kyrkist eða flækist í snúrunum. Snúrur geta vafist utan um háls barns.“
- „Hafið rúm, rimlarúm og húsgögn fjarri gluggatjaldsnúrum.“
- „Festið snúrur ekki saman. Gætið þess að snúrur vefjist ekki saman og myndi lykkju.“

Á viðvörðunum skal vera viðeigandi skýringarmynd.

Á vörinni skal einnig koma fram nafn eða vörumerki framleiðanda eða innflytjanda og fagaðila sem annast uppsetningu (ef slíkt á við).

Leiðbeiningar um samsetningu, uppsetningu og örugga notkun rúllugardínu eða gluggatjalda (þ.m.t. öryggisbúnaðar) skulu fylgja með í umbúðunum.

4. KRÖFUR SEM GILDA UM ÖRYGGISBÚNAÐ SEM ÆTLAÐUR ER TIL ÍSETNINGAR SEM ENDURBÓTARHLUTUR

Rúllugardínur til nota innanhúss eða gluggatjöld með snúrum, sem hafa viðeigandi öryggisbúnað, skulu uppfylla kröfurnar sem eru tilgreindar í 2. lið.

Eftirfarandi viðvaranir, upplýsingar og leiðbeiningar skulu fylgja öryggisbúnaðinum:

- nafn eða vörumerki framleiðanda eða innflytjanda og fagaðila sem annast uppsetningu (ef slíkt á við),
- leiðbeiningar: „*Lesið þessar leiðbeiningar vandlega áður en búnaður er settur upp og notaður. Börn eiga á hættu að kyrkjast ef þessi búnaður er ekki settur upp á réttan hátt. Geymið leiðbeiningarnar þannig að þær séu aðgengilegar til notkunar síðar.*“ „*Notkun aukaöryggisbúnaðar hjálpar til við að draga úr hættu á kyrkingu en útilokar hana þó ekki.*“
- leiðbeiningar: „*Prófið búnaðinn ef hann er ekki notaður reglulega.*“, og „*Skiptið búnaðinum út ef hann bilar.*“,
- viðvörðun um að smáhlutir gætu losnað og valdið því að barn kafni,
- upplýsingar um fyrir hvaða tegund rúllugardínu til nota innanhúss eða gluggatjalda með snúrum varan er hönnuð og prófuð,
- upplýsingar um notkun (tilgang öryggisbúnaðar og mögulegar takmarkanir hans),
- nákvæmar leiðbeiningar um rétta uppsetningu og staðsetningu búnaðar; ef þörf er á sérstöku áhaldi til að setja búnaðinn saman skal afhendingaraðili hans láta það í té,
- skýringarmynd skal fylgja leiðbeiningunum til að auðvelda skilning,
- allar aðrar upplýsingar í tengslum við örugga notkun.